

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr.
 - a. 2. mgr. orðist svo:

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.
 - b. 3. mgr. falli brott.
2. Við 6. gr. Í stað hlutfallstölunnar „ $\frac{3}{5}$ “ komi tvívegis: $\frac{2}{3}$.
3. Við 7. gr.
 - a. 1. mgr. a-liðar orðist svo:

Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.
 - b. Í stað orðanna „tillaga varðar“ í 1. mgr. b-liðar komi: tillögur varða.
 - c. Í stað hlutfallstölunnar „ $\frac{3}{5}$ “ í 4. mgr. c-liðar komi tvívegis: $\frac{2}{3}$.
 - d. Í stað orðanna „þessari grein“ í 5. mgr. c-liðar komi: þessu ákvæði.
4. Við 8. gr.
 - a. Á eftir orðunum „Ákvæði 7. gr.“ í fyrri málslíð 2. mgr. bætist við: laga þessara.
 - b. Í stað orðanna „ákvæðum til bráðabirgða II–IV“ í síðari málslíð 2. mgr. komi: b-d-liða 7. gr. (ákvæðum til bráðabirgða II–IV).

Prentað upp.